

AUGLÝSING um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi orlofssvæðis VR í Miðhúsaskógi.*

Í breytingunni felst að 3 byggingarreitir fyrir orlofshús eru felldir út auk þess sem gert er ráð fyrir tjaldsvæði á svæði sem áður var skilgreint sem svæði fyrir mögulega framtíðarbyggð. Einnig er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir allt að 60 m² hreinlætisaðstöðu.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.

Samsvarandi deiliskipulag var samþykkt í sveitarstjórn 4. október 2010 og birtist auglýsing um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda nr. 56 27. janúar 2011. Það deiliskipulag er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

2. *Deiliskipulag í landi Efra-Apavatns, Skógarhlíð.*

Deiliskipulagið nær yfir u.p.b. 18 ha land þar sem gert er ráð fyrir allt að 200 m² íbúðarhúsi og allt að 150 m² skemmu. Mesta hæð mænis er 6 m.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.

Samsvarandi deiliskipulag var samþykkt í sveitarstjórn 6. október 2011 og birtist auglýsing um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda nr. 120 9. febrúar 2012. Það deiliskipulag er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 30. maí 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2013